

Auglýsing.

Þeim 10,000 krónum, sem samkvæmt 10. gr. C. 4. í fjárlögunum á að úthluta til sýslunefnda og bæjarstjórna fyrir árið 1886 til eflingar búnaði, að hálfu eptir fólksfjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða, hefir nú verið skipt svo milli hinna einstöku sýslu- og bæjarfjelaga sem eptirfylgjandi tafla sýnir:

<i>Sýslu- og bæjarfjelög.</i>	Lausafjár- hundruð árið 1883	Fasteignar- hundr. eptir jarðab. 1861	Manntal 1/10 1880	Upphæð kr.
1. Austur-Skaptafellssýsla	1036,7	1013,5	1275	170
2. Vestur-Skaptafellssýsla	1921,6	2049,5	2229	310
3. Rangárvallasýsla	3502,9	7082,9	5360	780
4. Árnessýsla	4196,8	8606,8	6257	930
5. Vestmannaeyjasýsla	83,3	389,5	557	60
6. Gullbringu- og Kjósarsýsla	1830,5	4821,5	5660	650
7. Reykjavíkur kaupstaður	198,0	355,5	2567	200
8. Borgarfjarðarsýsla	1390,3	3747,4	2598	380
9. Mýrasýsla	1507,1	3286,2	2328	350
10. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	976,6	4261,7	3272	430
11. Dalasýsla	1437,7	3692,6	2357	360
12. Bardastrandarsýsla	894,5	3877,2	2857	380
13. Ísafjarðar kaupstaður	90,2	14,4	518	40
14. Ísafjarðarsýsla	1638,0	3768,7	5033	560
15. Strandasýsla	798,8	1554,2	1861	220
16. Húnavatnssýsla	4128,0	7209,4	5028	780
17. Skagafjarðarsýsla	3334,5	7667,9	4599	740
18. Eyjafjarðarsýsla	3097,5	7901,0	4780	750
19. Akureyrar kaupstaður	99,0	12,3	545	40
20. Suður-Þingeyjarsýsla	2461,4	5191,6	3765	550
21. Norður-Þingeyjarsýsla	1120,0	1840,8	1571	220
22. Norður-Múlasýsla	3906,0	4159,0	3825	580
23. Suður-Múlasýsla	3264,0	3866,0	3603	520
	42913,4	86369,6	72445	10000

Um leið og jeg kunngjóri þetta, skora jeg hjermeð á sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, er hlut eiga að máli, að senda sem fyrst hlutaðeigandi amtmanni áleiðis til landshöfðingja tillögur sínar um, hversu verja skuli samkvæmt ákvæðum fjárlaganna upphæð þeirri, er hverju sýslu- eða bæjarfjelagi er ætluð, eptir því, sem að framan er skráð, fyrir árið 1886. Þá er tillögurnar svo eru samþykktar, mun hver upphæð verða ávísuð til útborgunar úr landssjóði.

Reykjavík 12. marz 1886.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Samkvæmt auglýsingu 22. febrúar 1875, 21. gr.

Jón Pjetursson.

Jón Jensson.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C. 5. a.

Fyrir kostnaði við aðgjörð á sæluhúsinu á Kolviðarhóli veitt 171 kr. 65 a.

16. gr. 14.

Rektor, Dr. phil. Jóni Þorkelssyni veittar allt að 160 kr. til þess að prentað verði aptan við næstu skýrslu um læra skólann í Reykjavík framhald af þýðing brjefa Horazar eptir Jón Þorkelsson rektor og Gísla heitinn Magnússon aðjunkt.